

Nesfréttir

ÁGÚST 2020 • 8. TBL. • 33. ÁRG. • www.borgarblod.is

Erum einnig á visir.is



Vesturbæjarútibú við Hagatorg

TRÍÓ
PIZZUR MÁNAÐARINS

DOMINOS.IS | DOMINO'S APP

Opið
8-24
alla daga
Á EIDISTORGI
HAGKAUP



Gróttta með 12 lið á Síamóttinu

Mynd: Eyjólfur Garðarsson.

Hátt í 80 Gróttustelpur kepptu á Síamóttinu í Kópavogi um miðjan júlí. Um 2400 stelpur léku á móttinu sem er stærsta knattspyrnumót landsins.

5. flokkur Gróttu tefldi fram fjórum liðum sem samanstóðu af 31 stelpu, 6. flokkur kvenna var með 16 stelpur í þremur liðum og 7. flokkur kvenna fór með 28 stelpur í fimm liðum. Mótið var frá föstudegi til sunnudags og leikið var frá morgni til eftirmiðdags. Gróttta náði góðum árangri á móttinu í öllum flokkum. Gróttustelpurnar upplifðu bæði sigra, töp og jafntefli, en leikgleðin var aldrei langt undan. Það er mikil upplifun að spila á Síamóttinu og alltaf mikið tilhlökkunarrefni hjá ungum knattspyrnumönnum. Keppendum frá Gróttu fer fjölgandi með ári hverju sem er skýrt merki um uppgang kvennafótboltans á Nesinu.

**Haga—
vagninn**

- Hofsvallagata 52 -

SELTJARNARNESBÆR

www.seltjarnarnes.is

Hægt er að lesa Nesfréttir inná visir.is

Velkomin á Grandann

Nú sækjum við og skilum bílnum



Hólmaslóð 2, 101 Reykjavík Sími 570 9090 • www.frumherji.is • Opið mánudaga–föstudaga kl 8–16:30



KOMDU MEÐ BÍLINN
Í TJÓNASKOÐUN

Vottað réttinga- og málningarverkstæði

GB Tjónaviðgerðir er réttinga- og málningarverkstæði vottað af Bilgreinasambandinu. Við tryggjum hámarksgæði með því að nota fyrsta flokks tækjabúnað og efni. Styðjumst við tækniupplýsingar framleiðanda um hvernig skuli staðið að viðgerð.



Tjónaskoðun

Við skoðum bilinn og undirbúum tjónamatið sem sent er til tryggingafélaga.



Rétting og málning

Við vinnum eftir stöðlum framleiðenda og notum aðeins viðurkennd efni og tækjabúnað sem stenst ítrustu kröfur.



Framrúðuskipti

Skiptum um framrúður og önnurnum annars konar rúðuskipti. Sjáum um öll rúðutjón jafnt límdar rúður sem og aðrar, ásamt glerhreinun á bil.



Smáviðgerðir

Samhliða viðgerðum getum við skoðað ástand helstu slitflata og öryggisþátta, s.s. bremsur.



Dragháls 6-8
110 Reykjavík
sími 567 0690
netfang tjon@tjon.is
www.tjon.is

Nesfréttir

www.borgarblod.is

ÚTGEFANDI: Borgarblöð ehf, Eiðistorgi 13-15, 172 Seltjarnarnes, Pósthólf 171. S: 511 1188 • 552 1953 • 895 8298

RITSTJÓRI: Kristján Jóhannsson • ÁBYRGÐARMAÐUR: Kristján Jóhannsson

BLAÐAMAÐUR: Þórður Ingimarsson UMBROT: Valur Kristjánsson

NETFANG: borgarblod@simnet.is • HEIMASÍÐA: borgarblod.is

Nesfréttir koma út mánaðarlega og er dreift frítt í hvert hús á Seltjarnarnesi

Leiðari

Að sækja vatnið yfir lækinn

Í þessu tölublaði Nesfrétta er bygging Eiðistorgsins rifjuð upp. Fjallað er nokkuð um þær hugmyndir sem unnið var eftir. Að byggja nýstrálegan og áhugaverðan miðbæ sem nýfast mynd vel til verslunarreksturs.

Í ljósi sögunnar er ljóst að fæst af þeim hugmyndum hefur gengið eftir. Í mars 1991 tæpum áratug eftir að torgið var byggt sagði Sigurgeir Sigurðsson þáverandi bæjarstjóri í fréttaskýringu í Nessfréttum bæinn hafa byggt torgið og útvegað aðstöðuna en hún síðan liðið fyrir samstöðuleysi verslunareigenda.

Síðan eru liðnir tæpir þrír áratugir. Þegar best lét voru nýu verslanir á annarri hæðinni þar sem bókasafnið er nú. Verslunum hefur fækkað mikið - nánast horfið og nú standa nokkur verslunarpláss auð og tóm. Enginn sýnir þeim áhuga.

Á stæða er fyrst og fremst sú að íbúar Seltjarnarness hafa lítinn áhuga á að nýta sér verslunarrekstur á Nesinu utan að kaupa öðru hvoru í matinn. Á meðan Nesbúar vilja halda í sérstöðu byggðarinnar hvort sem er umhverfi, mannlíf eða sveitarfélag hafa þeir minni áhuga á verslunarþjónustu á heimaslóð. Þeir bruna inn til Reykjavíkur. Vilja helst hraðbraut inn í borgina. Þeir sækja vatnið yfir lækinn.

Lindarbrautin malbikuð í sumar



Lindarbraut á Seltjarnarnesi.

Lindabrautin á Seltjarnarnesi verður malbikuð í sumar og verður byrjað í næstu eða þarnæstu viku.

Einnig átti að malbika Nesveginn í sumar en bæjaryfirvöld hafa slegið því á frest. Gert er ráð fyrir að lokið verði við að hanna Bygggarðasvæðið í haust og þá verður byrjað að ganga frá götum í hverfinu. Þá má geta þess að bæjarstjórn Seltjarnarness samþykkti í vor steinsteypnan vegg á lóð Guðmundur Kristjánsson kenndan við Brim en hann er að láta reisa hann í kringum hús sín við Vegamót. Einnig eru hafnar framkvæmdir á bílaplaninu á Eiðistorgi þar sem göngustígur mun liggja í gegnum bílaplanið.



Erum á Óðinsgötu 1

Sjá nánar á facebook.com/Systrasamlagid

Netverslun: systrasamlagid.is

FERSKUR FISKUR DAGLEGA

MIKIÐ ÚRVAL SPENNANDI FISKRÉTTA

VERIÐ VELKOMIN



Nesvegur 100
Símar 562-1070, 896-4243
Opíð virka daga kl. 10 - 18:30



BYKO **PHOENIX**
síðan 1958**Reiðhjól**26" götuhjól, 6 gíra
með brettum,
bögglabera og körfu.

Þú sparar:

9.995**34%****19.000**

49620201

Almennt verð: 28.995

26" **NAPOLEON**
ROGUE**Gasgrill**R425 10,6 kW, grillgrind
60x45cm úr pottjárni.**69.997**

506600036

Almennt verð: 99.995

Þú sparar:

29.998**30%**Kilóvött
10,6Brennarar
3**Öll Napoleon
grill á afslætti****30%**

Birt með fyrirvara um þentivillur og/óða myndabreytingu.

LAGERHREINSUN*Sjá fleiri tilboð á byko.is* **GARDENA****Rafmagnssláttuvél**Powermax 42E, 1200 W,
sláttubreidd 32 cm.
Létt og þægileg í notkun.**14.998**

54904073

Almennt verð: 29.995

Þú sparar:

14.997**50%****Allt fyrir
berja-
tíðsluna****BOSCH****Sláttuorfi**

280W, 23 cm sláttubreidd, 1,7kg.

5.877

748903230

Almennt verð: 9.795

Þú sparar:

3.918**40%****Ný sending**
af pallaefni**REIKNADU ÚT
ÆTLAGAN
KOSTNAÐ**Í girðinguna og
pallinn á BYKO.is**BYKO**
GRANDI
KOMDU Í HEIMSÓKN!

Auðvelt að versla á byko.is



Eins og sjá má er um mikið verk að ræða.

Ný klæðning á Mýró

Í sumar er unnið hörðum höndum að því að endurnýja klæðningu á viðbyggingu Mýrarhúsaskóla sem reist var árið 1990 og teiknuð af dr. Magga Jónssyni arkitekt. Um er að ræða afar umfangsmikið verkefni eins og sjá má á meðfylgjandi mynd en til stendur að skipta bæði um gulu og gráu klæðninguna sem og verður gler endurnýjað.



Býr dansari í þér?

INNDRITUN HAFIN
OSKANDI.IS

Vatn komið í Bollastein á ný



Gott að dífa tánum í volgt vatnið í Bollasteini. Fyrir nokkrum árum voru hjón af Lindarbrautinni á sunnudagsgöngu í fjörunni við Bollastein og gegnu þá fram á erlent par sem dýft höfðu meira en tánum í vatnið. Þau sátu í Bollasteini eins og um heita pott væri að ræða.

Búið er að fylla Bollastein útlistaverk Ólafar Nordal af heitu vatni enn á ný og opna fyrir gesti að njóta eftir fyrsta áfanga endurbóta í fjörunni. Haldið verður áfram með endurbætur á svæðinu í haust en nú má svo sannarlega upplifa og njóta þess að dýfa tánum í vatnið og njóta þessarar fallegu náttúruþerlu sem fjaran og Kisuklappir eru.

Í byrjun árs 2020 hóf Vegagerðin nauðsynlega vinnu við að endurbæta sjóvarnargarða við norðurströnd Seltjarnarness austan megin við Kisuklappir, þar sem skörð voru komin í varnargarðinn. Í framhaldi var fenginn verktaki til að styrkja grjóttgarð uppfallingarinnar og svæðið vestan megin við Kisuklappir. Við nánari skoðun var það mat manna að sú styrking sem gerð var í vetur hefði gengið of langt og ekki framkvæmd með tilliti til náttúruvinnjanna og þess að halda óbreyttri ásjón fjörunnar.

Húsfélagþjónusta

Eignaumsjón leiðandi í 17 ár

- ✓ Bókhald og fjármál
- ✓ Húsfélagafundur
- ✓ Mírar síður
- ✓ Húsbók þjónustusaga húss
- ✓ Auk annarrar þjónustu

• EIGNA umsjón www.eignaumsjon.is

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

Auðbrekku 1, Kópavogi SÍÐAN 1996

ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA

Sverrir Einarsson Margrét A. Guðjónsdóttir Kristín Ingólfssdóttir Hannes Ó. Sampsted

Símar allan sólarhringinn: 581 3300 & 896 8242 • www.utfarin.is
Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er.

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242



EYECARE



Byltingarkennd nýjung í margskiptum glerjum

50–65%
stærra
lessvæði



Velkomin
í nýja
verslun
okkar á
Hafnartorgi



SJÓNMAELINGAR
Tímapantanir: 528 8505

Optical Studio
HAFNARTORGI

Nýjung sem ekki hefur elst vel

Eiðistorg er á mörkum Reykjavíkur og Seltjarnarness og dregur nafn sitt af býlinu Eiði sem stóð skammt frá þar sem Eiðistorg er nú. Býlið varð að vika fyrir nýrri byggð og var það brennt í maí 1979. Fjórum árum síðar eða 1983 er farið að reisa byggingar á Eiði. Var um húsabyrpingu að ræða þar sem íbúðir og verslun skyldi halda hönd í hönd. Hugmyndin var að þarna risi miðbær á Seltjarnarnesi en Nesið hafði ekki flaggað neinu er gæti talist til þess fram að þeim tíma. Í Morgunblaðinu 18. maí 1983 er fjallað um þessar byggingaframkvæmdir sem nýstárlegan miðbæ sem væri að rísa á Seltjarnarnesi. Miðbæ sem vekja muni athygli.

Þessar byggingar sem hannaðar voru af arkitektunum Örnólfi Hall og Ormari Þór Guðmundssyni voru í engri líkingu við það sem áður hafði sést hér á landi. Miðja hins nýja miðbæjar var yfirbyggt miðbæjartorg, upphitað með afrennslisvatni húsa í næsta nágrenni. Gert var ráð fyrir að hlýtt og notalegt yrði á torginu allan ársins hring og að fólk gæti gengið á milli verslana og fyrirtækja án þess að þurfa að berjast við kulda og trekk. Þá var einnig gert ráð fyrir að miðbæjartorgið yrði samastaður fyrir margvíslegar upptakur og skemmtanir. Árið 1978 var auglýst eftir aðilum sem kynnu að hafa áhuga á að taka þátt í byggingu miðbæjar á Seltjarnarnesi reyndist strax mikill áhugi fyrir þessu verkefni.

Að bjóða upp á nýtt og sérstakt

Í Morgunblaðinu 19. maí 1983 var birt viðtal við Sigurgeir Sigurðsson sem þá var bæjarstjóri á Seltjarnarnesi. Í viðtalinu sagði Sigurgeir að þegar farið hafi verið að skipuleggja miðbæ á Seltjarnarnesi horfði orðið ljóst að til þess að gera slíkan stað eftirsóknarverðan fyrir fyrirtæki og viðskiptavinum yrði að bjóða upp á eitthvað nýtt og sérstakt. Einnig yrði að taka tillit til veðurfars sem geti orðið vindasamt á Seltjarnarnesi. Sigurgeir sagði að eftir ítarlegar athuganir hafi verið ákveðið að reisa yfirbyggt miðbæjartorg. Það hafi verið talið vænleg leið til þess að fá fólk til þess að fjárfesta og versla.

Íbúðahlutinn átti að styrkja verslunarhlutann

Í upphafi ver ákveðið að skipta Eiðisgrandasvæðinu í tvo megin hluta. Annars vegar íbúðahluta að austanverðu til að mynda skjól og nýta útsýnið. Þar er íbúðablokk númer 1 til 9 við Eiðistorg, sem að flestra dómi er mjög athyglisverð í öllu tilliti. Þar eru um 70 íbúðir. Margar hverjar með stórkostlegu útsýni og bílskýli fylgdi mörgum þeirra. Sigurgeir sagði í viðtalinu að þessar íbúðir myndi skapa miðsvæðinu ákveðna festu. Norðan Suðurstandar, í framhaldi af miðbænum, væri Bygging að reisa sjö stórhýsi sem í verða um 120 til 130 íbúðir. Enn fremur yrðu 400 til 500 íbúðir í göngufjarlægð austan svæðisins, þannig að góður viðskiptakjarni er þegar fyrir hendi.

Besta fánlega þjónusta hérlandis

Hins vegar er það svo verslunar og viðskiptahlutinn, sem liggur sunnan og vestan við yfirbyggða torgið. Grípum niður í viðtalið við Sigurgeir. “Þar er Vörumarkaðurinn hf. að byggja markaðsverslun, sem verður að gólfleti um 3.300 fermetrar, kjallari, tvær hæðir og ris. Það er óhætt að fullyrða að þessi verslun komi til með að bjóða bestu fánlega þjónustu hérlandis, því hér er byggt frá grunni hús til að þjóna verslun eins og hún getur best orðið. Við torgið verður Útvegsbankinn með ágætt útibú, þarna verður lyfjabúð, fataverslun, tískuverslun, blómabúð, gleraugnaverslun, gullsmíður, hárgreiðslustofa, rakari og póstur og sími með aðstöðu. Og fleira mætti nefna.”

Fjöldi fyrirtækja á torginu

Fyrsta verslunin sem var opnuð á Eiðistorgi var matvöruverslunin Vörumarkaðurinn sem tók til starfa í ágúst árið 1983. Í kjölfarið fjölgaði verslunum á torginu og á blómaskeiði þess hafði fjöldi fyrirtækja þar aðsetur. Þar á meðal Útvegsbanki Íslands, síðar Íslandsbanki, Íslandspóstur, Nesapótek, bókaverslunin Eymundsson, skyndibitastaðurinn Selbitinn, íþróttavöruverslunin Sportlíf, leikfanga- og bókabúðin Hugföng, Blómastofan, snyrtivöruverslunin Evíta, vídeóleigan



Fjöldi fyrirtækja og verslana hafa verið með starfsemi á Eiðistorgi í gegnum tíðina og hafa flest þeirra hætt starfsemi.

Tröllavídeó og fatahreinsunin Kjóll og hvítt. Um árabíl hafði lögreglan bækistöð á Eiðistorgi og Lyfjastofnun var þar einnig lengi til húsa.

Nýtt líf með Innovation house

Skemmst er frá því að segja að ekkert af þessu er enn starfandi á Eiðistorgi. Verslunin Nýbær tók við að Vörumarkaðnum og Hagkaup tók síðan við rekstri matvörubúðarinnar. Þar er nú auk Hagkaupa Bókasafn Seltjarnarness hárgreiðslustofan Perma, vínúðin ÁTVR, veitingastaðurinn Rauða ljónið, Apótekarinn, Arna ís- og kaffibar og frumkvöðlasetrið Innovation house. Nokkur verslunar- og skrifstofurými standa auð og hafa sum þeirra ekki verið í notkun um nokkurn tíma. Með tilkomu Innovation house færðist nokkuð líf í starfsemi á Eiðistorgi en aðaleigandi þess Jon von Tetzchner hefur á undanförunum árum fjárfest umtalsvert í húsnaði á Eiðistorgi en hann er fæddur og uppalinn á Seltjarnarnesi.

Nýjar hugmyndir fengu blendnar viðtökur

Árið 2015 var haldin hugmyndasamkeppni um skipulag miðbæjar á Seltjarnarnesi og var þremur aðilum boðin þátttaka. Kanon Arkitektum, Trípólí/ VA Arkitektum og Hornsteinum. Kanon Arkitektar unnu samkeppnina sem náði til þriggja reita: Eiðistorgs, Austurstrandar og Melhúsareits þar sem leikskólar bæjarins eru. Samkeppninni var ætlað að draga fram hugmyndir sem skapa áhugavert bæjarrými til frekari þróunar og tengja reitina betur saman sem samhangandi heild. Ætlunin var að svæðið gæti byggst upp til að mæta þörf fyrir fjölbreyttari gerðir íbúðarhúsnaðis, sterkara atvinnusvæði og varðveislu þjónustu í bænum. Einnig að tekið yrði tillit til nærliggjandi þjónustu bæjarins á stofnana- og íþróttasvæðum. Skipulagshugmyndir Kanon arkitekta gerðu ráð fyrir miklum breytingum á þessu svæði. Þar á meðal íbúðabygging við Norðurströnd þar sem nú er atvinnusvæði. Einnig íbúðabyggingum á Melhúsareitnum og víðar. Skemmst er frá því að segja að hugmyndirnar hlutu blendnar viðtökur á Seltjarnarnesi. Ekkert var aðhafst á grundvelli þeirra. Nú hefur verið ákveðið að efna til byggingar nýs leikskóla á Melhúsareit og þar með slegnar af allar hugmyndir um íbúðabyggingu þar. Þessar hugmyndir munu endanlega hafa verið lagðar til hliðar.



aurum

BY
GUÐBJÖRG

Bankastræti 4 | sími: 551 2770 | www.aurum.is

FRÍ HEIMSENDING HEIM AÐ DYRUM

Ég á bara yndislega viðskiptavinini

„Ég veit ekki hvort þú trúir því en það líða oft margir dagar án þess að ég fari inn fyrir Eiðistorg,” segir Sigurveig eða Siddý eins og hún er oftast kölluð Runólfsdóttir hárgreiðslumeistari á Hársnyrtistofunni Permu á Seltjarnarnesi. Siddý er er innfæddur Nesbúi og kveðst aldrei hafa búið annars staðar. Hún er dóttir Valgerðar Þórðardóttur sem lést árið 2001 og Runólfs Ísakssonar frá Bjargi sem lést fyrir á þessu ári. „Það hvarflaði heldur aldrei að mér að verða annað en hárgreiðslumeistari. Annað kom ekki til greina. Þar kemur ætternið og fjölskyldan til auk áhuga. Systir pabba átti þessa stofu. Ég byrjaði að klippa hjá frænku minni þegar ég var 14 ára. Perma er eldri en ég þannig að ég sit á einskonar fjölskylduarfi hér á Eiðistorginu.” Siddý spjallar við Nesfréttir að þessu sinni.

„Ég hef alltaf verið kölluð Siddý. Amma sem ég heiti eftir hét Sigurveig og var kölluð Veiga. Pabba fannst það ekki nægilega gott gælunafn fyrir lítið barn. Hann vildi finna annað sem myndi hljóma betur og svo kom gælunafnið Siddý. Það festist við mig og ég álit að sumir þekki mig bara undir því nafni. Ég er alin upp á Bjargi við Nesveg og bjó þar þar til fjölskyldan flutti árið 1968 í hús við Barðaströnd sem pabbi og mamma höfðu byggt. Ég og maðurinn minn Jónas Friðgeirsson keyptum það hús af pabba eftir að mamma dó og búum við þar núna.

Þegar við fluttum voru strendurnar að byggjast og umhverfið var enn hálfgerð sveit. Búið var að byggja við fyrstu göturnar, Barðaströndina og Látraströndina en annars voru bara krúmóar í kringum okkur. Maður gat vaknað við krúgarg á morgnana. Býlið Berg var enn stakt hús næstum eins og sveitabær út í túni þótt

hann færi fljótlega eftir þetta inn í nýja byggð sem var fljót að beiðast út. Valhúsaheðin var alltaf kölluð Holtið. Aldrei var talað um Valhúsaheð á þessum tíma svo ég muni. Aðeins Holtið. Enn var talsvert um búskap þegar ég var alast upp á Nesinu. Ég man eftir að það voru geitur í nágrenni við okkur á Bjargi. Á horninu við Tjarnarból. Þar bjó fólk með geitur. Húsdýr voru víða en búskapurinn lagðist smám saman af þegar byggðin tók að breiðast út.”

Fór snemma að vinna á stofunni

Siddý segist ekki hafa fylgst mikið með mannlífinu sem var að þróast á Nesinu í takt við nýjar byggingar og nýtt fólk. „Ástæða þess er að einhverju leyti sú að ég var í skóla í Reykjavík og átti því ekki skólasystkini þar. Það var kominn leikskóli en ég fór aldrei þangað. Bróðir minna var hins vegar í leikskóla sem barn. Ég fór líka að vinna á stofunni hjá föðursystur minni sem þá var rekin í Reykjavík.

Aldrei þurft að vita allt um alla

Perma er elsta starfandi fyrirtæki á Eiðistorgi. Hefur verið þar í 35 ár. Hún var flutt hingað 1985 og ég tók við rekstri hennar tíu árum síðar 1995. Stofan var fyrst við Garðsenda og síðar á Hallveigarstíg áður en hún kom hingað. Viðskiptavinirnir voru því flestir úr borginni. Margir koma þaðan enn, þótt fólk hafi farið að koma af Nesinu eftir að við fluttum á Eiðistorg. Ég hef heldur aldrei verið haldin því að þurfa að vita allt um alla. Hef aldrei fundið hvöt eða þörf til þess að vera að spyrja um fólk. Í litlum samfélögum eins og á Seltjarnarnesi er líklegra að fólk eigi nánari samskipti. Þekki nágrannana meira og viti meira um



Siddý ásamt eiginmanni sínum Jónasi Friðgeirssyni.

hagi náungans. Það var eiginlega ekki fyrr en strákarnir mínir fóru að spila. Runólfur Helgi sá eldri spilaði handbolta og Friðgeir Elí yngri strákurinn spilaði bæði fótbolta og handbolta. Hann spilaði aðallega með Gróttu og síðan Fram og KR um tíma og að endingu með HK. Það eru tvö ár síðan hann hætti. Sjálf er ég hálfgerður antisportisti. Var ekkert í íþróttum en ég mætti þó á leiki þegar strákarnir voru að spila. Hafði gaman af að fylgjast með þeim.” Siddý segir sögu af því þegar eldri sonurinn var

skýrður á afmælisdegi Runólfs Helga afa síns. „Við vorum búin að ákveða nafn á hann þegar við komum til prestsins. Séra Guðmundur Óskar Ólafsson skýrði. Hann spurði ekki hvað barnið ætti að heita. Hann spurði hvort drengurinn ætti ekki að heita Runólfur Helgi. Já, hugsaði ég. Séra Guðmundur og pabbi voru góðir vinir og honum fannst ekkert annað koma til grein en skýra barnið í höfuðið á afa sínum. Hann réði því eiginlega nafninu.“

RECARO
Barnabílstólar í úrvali



BÍLASMIÐURINN HF

Bildshöfða 16, 110 Reykjavík - Sími: 567 2330 - www.bilasmidurinn.is

Hártískan er fjölbreyttari

Siddý hefur starfað við hárgreiðslu allt frá unglingsárum. Eitthvað hefur breyst frá þeim tíma að hún tók fyrstu skærin sér í hönd. „Það sem helst hefur breyst að ekkert sérstakt er lengur í tísku. Fólk velur sér miklu fremur stíl sem því finnst passa við persónu sína. Þegar ég var að byrja var permanent í mikilli tísku. Konur vildu hafa krullur í hárinu. Því þurfti að endurnýja permanentið reglulega ef þær vildu gæta að útliti sínu og viðhalda því óbreyttu. Permanentið hefur aldrei horfið. Það kemur aftur og aftur fram eins og hver önnur tíska sem fer í hringi. En það hefur ekki orðið ráðandi eins og það var á árum áður. Konur kjósa svo margt fleira. Þegar ég var að byrja var lítið um að karlar kæmu í klippingu. Þeir fóru meira á hinar hefðbundnu rakarastofur. Svo varð sítt hár í tísku á meðal karlanna. Eldri rakaramir kunnu lítið á það og treystu sér oft ekki til þess að eiga við það að ósk viðskiptavina. Þeir vildu frekar bara klippa með rafmagnsklippum en nota skæri. Þetta fór að breytast. Karlar fóru að koma í hársnyrtingu. Nú er miklu meiri jöfnuður í þessu. Karlar og konur fara á sömu stofurnar þótt margir karlar haldi sig enn við rakarastofurnar. En

hártískan er mun breytilegri en áður var. Mjög margar konur eru með litað hár. Ýmist heillitað eða strípur og karlar eru einnig farnir að lita á sér hárið. Bæði ungir menn sem vilja skapa sér stíl og einnig þeir sem farnir eru að eldast og vilja fela gráu hárin.”

Komin langt yfir meðalaldurinn

Siddý segir að hársnyrtar endist fremur stutt í faginu. Meðalaldur fólks er ekki nema tæp sjö ár. Af hverju stafar það. „Fyrir því er ef til vill fleiri en ein ástæða. Þetta reynir talsvert á líkamlega séð. Útheimtir miklar stöður. Maður situr ekki við að klippa eins og tannlæknar eru farnir að gera þegar þeir vinna við tannviðgerðir. Svo getur hársnyrtingin líka reynt á andlegu hliðina. Hársnyrtirinn vinnur í mikilli nálægð við viðskiptavininn. Hann verður alltaf að sýna jákvæðu hliðina á sér. Ekki dugar að deila áhyggjum með þeim sem er í stólnum. Á hinn bóginn getur verið nauðsynlegt að hlusta á viðskiptavininn. Þá verður maður að kunna að hlusta. Sumir vilja ræða daginn og veginn. Öðrum liggur ef til vill eitthvað þyngra á hjarta og eru þá komnir í nánd við annan einstakling sem verður þá að hlusta á. En þetta er eðlilega mjög



Sigurveig eða Siddý eins og hún er oftast kölluð hárgreiðslumeistari á Hársnyrtistofunni Permu á Seltjarnarnesi.

einstaklingsbundið. Hársnyrtistarfið er fjölbreytt og mjög skemmtilegt. Öll flóran úr mannfélaginu kemur á stofurnar með sínum breytileika. Allir þurfa á klippingu og hársnyrtingu að halda.”

Alþjóðastarfið lærdómsríkt

Siddý hefur sinnt félagsmálum fyrir starfsgrein sína. Hún átti sæti í Intercoiffure alþjóðlegum samtökum

hársnyrtifólks og var forseti þar fyrir Ísland í sjö ár. Einnig sat hún í stjórn Hárgreiðslumeistarfélags Íslands um tíma. „Þetta var bæði ánægjulegur og gefandi tími. Maður kynntist fólki frá öðrum samfélögum og fékk einnig tækifæri til þess að fylgjast með hvað var að gerast í öðrum löndum. Þótt öll hársnyrting sé af líkum rótum má alveg greina mismunandi stíla hjá öðrum þjóðum. Til dæmis eru Frakkar og Bretar ekki alveg með sama stílinn. Það eru meiri greiðslur ef svo má að orði komast í hárinu á frönskum konum. Mér finnst Bretarnir með flottari klippingu. Breski stíllinn er að mínum dómi flottari. Þessi félagsstörf gáfu mér einnig kost á ferðalögum. Ég hef ferðast mikið um heiminn þótt ég hafi alltaf búið á Seltjarnarnesi.”

Á bara yndislega viðskiptavinum

„Við erum tvær sem vinnum hér á hársnyrtistofunni og svo eru aðrar tvær sem koma inn á álagstíma sem ég kalla spariskvísur. eru í einskonar hlutastarfi. Ég er löngu komin yfir meðalaldur í þessari atvinnugrein. Þetta er vinnan mín. Mjög skemmtilega og gefandi. Ég á bara yndislega viðskiptavinum.”

Kjöt

kompaní

VEFVERSLUN

EINFALT & HENTUGT

kjotkompani.is/vefverslun

Hafnarfirði & Granda

www.kjotkompani.is

578 9700

kjotkompani@kjotkompani.is

kjotkompani



Dansskóli Birnu Björns

Dansskóli Birnu Björns byrjar haustönnina af krafti 14. september á fimm stöðum á höfuðborgarsvæðinu. Þar er boðið upp á dansnám fyrir alla frá þriggja ára aldri. Í dansskólanum er boðið uppá fjölbreytt dansnám en einnig er starfandi við skólann söngleikjadeild þar sem nemendur læra leiklist, söng og dans.

Söngleikjadeildin er alltaf að stækka og hún spilar virkilega stóran þátt í nemendasýningu dansskólans ár hvert í Borgarleikhúsinu sem er hápunktur ársins! Nemendasýning 2021 verður Mary Poppins þar sem öllu verður til tjaldað! Einnig bjóðum við upp á barnadansa þar sem við erum með skapandi dans og tónlist í fyrirrúmi þar sem nemendur fá að leyfa ímyndunaraflinu að njóta sín. Nemendur hjá Dansskóla Birnu Björns taka þátt í undankeppni Dance World Cup árlega og keppa síðan erlendis á sumrin þar sem þeir hafa náð frábærum árangri og fengið að kynnst dansheiminum í stærra samhengi sem er virkilega ánægjulegt fyrir okkur. Einnig fer árlega stór hópur skólans í æfingarferð til London þar sem nemendur fá að kynnst nýjum dansstílum og hitta virta danshöfunda erlendis. Það er alltaf hápunkturinn að fara á söngleiki og kynnst listalífínu í London. Ár hvert heldur dansskólinn einnig sína eigin danskeppni þar sem nemendur fá að spreyta sig, læra að semja sjálfir, hanna búninga og leyfa hugmyndafluginu að njóta sín, sú keppni fer fram í nóvember og er útkoman alltaf jafn skemmtileg. Það sem stendur upp úr í dansskólanum er vináttan sem myndast í tímum og stelpurnar eru að ná gríðarlega miklum árangri þar sem við bjóðum einnig upp á tæknitíma og fjölbreyttar útfærslur á því hversu oft nemendur vilja æfa í viku. Við mælum með náminu okkar fyrir þá sem vilja fjölbreytta tíma, kynnst nýju fólki og sjá varanlegan árangur! Við tökum vel á móti nýjum og gömlum nemendum, frítt verður í prufutíma fyrstu kennsluvíkuna.

Séra Bjarni á ættir frá Hrólfskála

Séra Bjarni Þór Bjarnason sóknarprestur á Seltjarnarnesi fór inn á Íslendingabók á dögunum. Þá sá hann bæjarheitið Hrólfskáli koma fyrir hjá einni af formæðrum sínum. Hann fór að kanna málið betur.

Þá kom í ljós að formóðir hans var Guðrún Ingjaldsdóttir frá Hrólfskála. Hún var systir Sigurðar Ingjaldssonar, útvegsbónda á Hrólfskála sem lést árið 1887. Foreldrar þeirra voru hjónin Þuríður Bjarnadóttir og Ingjaldur Ottason á Hrólfskála. Bjarni sagðist ekkert hafa vitað um þessi ættartengsl við Seltjarnarnesið. Hann sagðist alltaf hafa haldið að hann væri ættaður úr Skagafirði, Álftanesi, Hafnarfirði og undan Eyjafjöllum. Hann sagði að sér fyndist þetta mjög skemmtilegt þar sem hann þjónar á Seltjarnarnesi. Nú hafi hann bein ættartengsl við Seltjarnarnesið og það væri sérlega ánægjulegt.

Guðrún Ingjaldsdóttir giftist norður í Skagafjörð, Gunnari Magnússyni sem var Skagfirðingur. Guðrún er því langa, langa, langamma sr. Bjarna.



Séra Bjarni Þór Bjarnason.

FALLEGIR LEGSTEINAR



Opið: 11-16
alla virka daga

Verið velkomin

Bergsteinar
legsteinagerð

Auðbrekku 4, 200 Kópavogi, sími: 537-1029, www.bergsteinar.is

Arna

ís- og kaffibar

Opið virka daga 9 - 21 og helgar 10 - 21.
Eiðistorgi 15
facebook.com/arnaisogkaffi

Bjóðum fjölbreyttan og hollan mat eldaðan frá grunni

- segir Fanney Axelsdóttir hjá Skólamat

„Menning og siðir eru mismunandi á hverjum stað fyrir sig og það er alltaf spennandi áskorun að koma inn í nýja skóla og fá að þjónusta nýja viðskiptavinum. Við tökum nú við keflinu af frábærum kokki sem hefur eldað fyrir kynslóðir á Seltjarnarnesi. Við erum afskaplega þakklát fyrir þær jákvæðu viðtökur sem við höfum fengið frá bæjarbúum og hlökkum til framhaldsins,“ segir Fanný Axelsdóttir mannauðs- og samskiptastjóri hjá Skólamat en fyrirtækið gerði samning við Seltjarnarnesbæ á liðnu vori um þjónustu mótuneyta leik- og grunnskóla Seltjarnarnesbæjar.“

Skólamat er fjölskyldufyrirtæki í eigu Axels Jónssonar matreiðslumeistara. Axel hefur áralanga reynslu í alhliða veitingarekstri. Hugmyndin að stofnun fyrirtækis sem einbeitti sér að framleiðslu á heitum skólamáltíðum kviknaði þegar Axel sat í skólanefnd fyrir Keflavíkurbæ árið 1990. Út frá reynslu sinni próaði hann viðskiptahugmynd sína sem

varð að veruleika árið 1999 þegar hann hóf að bjóða börnum leik- og grunnskólum upp á hollar máltíðir.

Um 120 manna samstilltur hópur fólks starfar hjá fyrirtækinu. Þar á meðal eru börn Axels, Jón Axelson framkvæmdastjóri og Fanný Sigríður Axelsdóttir mannauðs- og samskiptastjóri.

Tveir aðalréttir - annar vegan

„Við leggjum mikla áherslu á stöðuga þróunarvinnu til þess að mæta kröfum um hollan og ferskan mat sem er eldaður frá grunni. Á hverjum degi eru í boði tveir aðalréttir, þar af er annar ávallt vegan. Samhliða hádegismáltíðunum er dagleg boðið upp á úrval af fersku grænmeti og ávöxtum í meðlætisbar. Grunnskólabörnum á Seltjarnarnesi stendur einnig til boða að vera í ávaxtaáskrift, en þá fá nemendur niðurskorna ferkna ávexti og grænmeti í morgunhressingu.“

Allir matseðlar eru útbúnir í samstarfi við neringarfræðinga og



Fanný Axelsdóttir mannauðs- og samskiptastjóri, Axel Jónsson stofnandi og eigandi og Jón Axelsson framkvæmdastjóri.

sérfræðinga Skólamatar sem tryggja að maturinn sem við bjóðum upp á innihaldi þau næringarefni sem eru börnum, starfsfólki og öðru viðskiptavinum nauðsynleg,“ segir Fanný. „Að lokum viljum við hvetja bæjarbúa að koma á framfæri öllum

þeim ábendingum og uppástungum sem þeir kunna að hafa varðandi starfsemi Skólamatar. Þær hjálpa okkur að gera enn betur,“ bætir hún við. Þess má geta að nálgast má matseðla og annan fróðleik á www.facebook.com/skolamatur



SKRÁNING Í MATARÁSKRIFT HEFST 24. ÁGÚST.

Skráning fer fram á www.skolamatur.is

ALLT SEM SKIPTIR MÁLI!



Tryggðu grunninn!
Fjölvitamín, meltingargerlar, lífsnauðsynlegar fitusýrur.
Viridian eru eins hrein og virk og hægt er að hafa vítamín.



Allt fyrir heimaþóga og að heiman jóga!
Korkjógaþýnur, kubbar, strappar, hjól, hugleiðslupúðar ofl.



Tungusköfur fyrir alla í fjölskyldunni
2 x mikilvægari en tannburstinn



Ný og spennandi möntrubönd.
Gleddu þig og þína með fallegum orðum.



Túrmerik látté: Stjarna Systrasamlagsins.
Nú má líka fá til að gera heima.



Kósý- og jógaþatnaður.
Lífrænn, umhverfisvænn og fagur.



Afgreiðslutími:
Mán: 11-16
Þri-fös: 11-18
Lau: 11-16

ÓÐINGGÖTU 1, REYKJAVÍK
systrasamlagid.is
@systrasamlagid
Sími: 511 6367

FÉLAGS- OG TÓMSTUNDASTARF ELDRI BÆJARBÚA

Frá því í vetur og í allt sumar höfum við látið okkur hlakka til þess að hefja eðlilegt vetrarstarf á ný í félags og tómstundalífinu hjá eldri bæjarbúum hér á Nesinu. En enn á ný eru okkur sett mörk og skorður vegna Covid 19. Þegar þessar línur eru skrifaðar þann 12. ágúst þá er enn allt óljóst varðandi framhaldið. (Ath. Að þegar þessar Nesfréttir koma út geta allar forsendur hafa breyst og þá tökum við á því.) Til stóð að bjóða í vöflukaffi og á kynningarfund nú í lok ágúst og í kjölfar kynningarfundarins stóð til að opna starfið með handavinnusýningunni sem vera átti í vor en það verður einhver bið á því þar sem við þurfum ÁFRAM AÐ HLÝÐA VÍÐI.

VIÐUM SAMFÉLAGSSÁTTMÁLANN, HÖLDUM 2JA METRA REGLUNA. VERUM DUGLEG AÐ ÞVO HENDUR OG SPRITTA. VIÐUM NÁLÆGÐAR- OG SNERTIMÖRK.

Skipulag dagskrár vetrarstarfsins er þó langt komin og búið að setja niður ferðir, skemmtikvöld og leikhúsförir. Einnig eru komnir ákveðnir dagar fyrir félagsvist og bíngó og verið er að leggja lokahönd á föstu námskeiðin okkar í leir og gleri. Einnig eru í undirbúningi örnámskeið í leðri og fleiru. Námskeið í dansi í samvinnu við Dansgarð /Óskanda eru á dagskrá þar sem við ætlum að fara í spor gömlu dansanna og fl. Mikið verður lagt upp úr hreyfingu í vetur og verður það auglýst um leið og við megum og getum farið af stað. Heilsueflingarátakið okkar góða sem fór af stað í vetur undir heitinu Farsæl öldrun þurfti því miður að lúta í lægra haldi fyrir Covid og nú er ákveðið að það fer ekki af stað aftur þar sem bæjarfélagið hefur þegar samið við Janus Guðlaugsson varðandi heilsueflingu fyrir eldra fólk sem fara á af stað nú í haust. Hún Eva Katrín sem stjórnaði þessu farsæla öldrunarverkefni okkar og var með leikfiminna hjá okkur á föstudögum er nú horfin til annara starfa en Kópavogsbær, Íþróttafélögin í Kópavogi og UMSK ákváðu að fá Evu til liðs við sig í verkefni farsællar öldrunar fyrir Kópavogsbúa og stýra því hjá þeim. Um leið og við þökkum henni frábært starf með okkur, óskum við henni velfarnaðar í nýju starfi.

Jóga verður áfram í boði og er þegar byrjað, boccia verður á sínum stað og púttíð í Risinu á Eiðistorgi, en þess má líka geta að verið er að leggja lokahönd á 9 hulu lítinn púttvöll völl hér úti á lóðinni við Skólabrautina. Áfram verur boðið upp á bridge í Eiðismýri og billjard í Selinu og kirkjunni. Einnig stendur til að halda áfram með ýmis tilraunaverkefni sem við byrjum með á síðasta ári og í byrjun þessa árs. Söngstundin á föstudögum heldur áfram með nýjum stjórnanda en Friðrik hefur sleppt af okkur hendinni vegna anna og annara starfa og sendum við honum bestu þakkir fyrir hans góðu samvinnu undanfarin ár. Hvað bókbandið varðar þá þurfum við að biðja áhugasama að gera vart við sig sem fyrst til þess að hægt sé að taka ákvörðun. Bókmenntir og ljóð/listastundir, umræður og upplestur er nýjung hjá okkur sem aðeins fór af stað nú í sumar. Áhugi og ánægja var með þessar stundir og verður svo vonandi áfram í vetur. Við vonumst til þess að geta boðið upp á bíngó í golfskálanum og félagsvist með bæði Vörðunum og Lions ef slakað verður eitthvað á fjöldatakmörkunum og sóttvörnum.

Á meðan óvissan ríkir þá er samt alltaf opið í félagsaðstöðunni á Skólabraut og heitt á könnunni alla morgna. Þar er passað upp á 2ja metra regluna og allir velkomnir.

Það er von okkar og trú að fyrr en seinna komist lífið og tilveran í eðlilegt horf þannig að við getum farið að keyra á dagskrána.

Sendum Tómasi Gauta, Önnu Soffiu, Daða og öðrum ungmennum sem leystu á í félagsstarfinu ásamt ýmsu öðru bestu þakkir fyrir samverustundirnar og samstarfið.



Grant Thornton
Endurskoðun • Skattur • Ráðgjöf

www.grantthornton.is

Grant Thornton endurskoðun ehf. er íslenskt aðildarfélag Grant Thornton International Ltd., sem er eitt af fremstu alþjóðlegu samtökum sjálfstæðra endurskoðunar og ráðgjafar fyrirtækja. Grant Thornton endurskoðun ehf. sérhæfir sig í að aðstoða rekstraraðila við að nýta tækifæri til vaxtar og bættar afkomu með skilvirkri ráðgjöf. Framsýnn hópur starfsmanna, undir stjórn eigenda, sem ávallt eru aðgengilegir viðskiptavinum, nýta þekkingu og reynslu sína til að greina flókin málefni og finna lausnir fyrir viðskiptavinum sínum, hvort sem það eru einkarekin, skráð félög eða opinberar stofnanir. Yfir 35.000 starfsmenn Grant Thornton fyrirtækja í meira en 100 þjóðlendum, leggja metnað sinn í að vinna að hag viðskiptavina, samstarfsmanna og samfélagsins sem þeir starfa í.

Fermingar 29. ágúst og 12. september

Fermingar vorsins 2020 áttu að fara fram í apríl-mánuði. Að því gat ekki orðið vegna veirunnar eins og flestir vita. Nokkur fermingarbörn voru fermd í guðspjónustum í júní, eitt í einu. Einn piltur fermdist 9. ágúst í guðspjónustu. Framundan eru fermingar 29. ágúst og 12. september.

Þá hafa fermingarbörnin beðið eftir stóra deginum í fjóra til fimm mánuði. Um þær mundir verður eitt ár liðið frá því að þau komu í fyrsta fermingarfræðslutímann. Þessar fermingar verða án altarisgöngu. En fermingarbörnin verða að koma síðar í altarisgöngu þegar það verður leyft. Engum hefði dottið í hug fyrir einu ári að fermingum vorsins 2020 yrði frestað um marga mánuði. Og svo eru það fermingarfötin sem foreldrar voru búnir að kaupa fyrir fyrirhugaðar fermingar í apríl. Í sumum tilfellum eru þau orðin of lítil samanber málsháttinn: „Barnið vex en brókin ekki.“

Fermingarbörn vorsins 2021 geta skráð sig rafrænt inn á seltjarnarneskirkja.is. Er það nýjung hjá söfnuðinum og til mikilla bóta. Fermingarfræðslan verður á laugardögum í vetur í kirkjunni.

Vetrarstarf safnaðarins

Vetrarstarf safnaðarins fer af stað sunnudaginn 6. september kl. 11 með guðspjónustu og sunnudagaskóla. Guðspjónustur og messur eru alla sunnudaga kl. 11 og samfélag á eftir. Starfið verður fjölbreytt að vanda í vetur. Til að mynda verður á mánudögum kl. 14-16 kvennakaffi í safnaðarheimilinu, sem er nýjung. Á föstudagsmorgnum kl. 9.30 verður morgunkaffi og með því. Allir eru velkomnir til þess að spjalla og hitta skemmtilegt fólk. Morgunkaffið mun kosta kr. 250. Þessi liður er einnig nýjung í starfinu. Í vetur verður barna- og unglingastarf ásamt foreldramorgnum sem verður auglýst síðar. Kyrrðarstundir verða á miðvikudögum og kaffikarlar tvisvar sinnum í viku. Billjard tvisvar sinnum í viku í safnaðarheimilinu. Stund fyrir eldri bæjarbúa einu sinni í mánuði. Fræðslumorgnir fara af stað í október. Munum að einkunnarorð Seltjarnarneskirkju eru: „Seltjarnarneskirkja okkar annað heimili.“



HÚSAVIÐGERÐIR.IS

ALHLIÐA MÚR- OG STEYPUVIÐGERÐIR

**Hafðu samband
Við skoðum og gerum tilboð!**

**www.husavidgerdir.is/hafa-samband
info@husavidgerdir.is - Sími 565-7070**



f Finndu okkur á Facebook

DANSSKÓLI BIRNU BJÖRNS
HAUSTÖNN HEFST 14. SEPT

JAZZ | COMMERCIAL | LYRICAL
CONTEMPORARY | MUSICAL THEATRE

VESTURBÆR | KÖPAVOGUR | GARDABÆR
HAFNARFJÖRDUR | GRÁFARVÖLT

WWW.DANSSKOLIBB.IS
BIRNA@DANSSKOLIBB.IS

f dansskóli Birnu Björns
ig dansskolibb

DANSSKÓLI BIRNU BJÖRNS
SÖNGLEIKJADEILD

BYRJENDA & FRAMHALDSHÓPAR

FAGLÆRÐIR KENNAÐAR FRÁ
LONDON OG NEW YORK

EINKATÍMAR Í SÖNG

VIÐBURÐIR
TÆKIFÆRI
FERÐIR

WWW.DANSSKOLIBB.IS
BIRNA@DANSSKOLIBB.IS

f dansskóli Birnu Björns
ig dansskolibb

DANSSKÓLI BIRNU BJÖRNS
TÆKNITÍMAR

ÓMISSANDI UNDIRSTAÐA FYRIR ALLA DANSSTÍLA

UPPBYGGJANDI KENNSLA
MARKMIÐASETNING
KJARNASTYRKUR
LÍKAMSBEITING
LÍÐLEIKI

LYRICAL, JAZZ &
CONTEMPORARY
RÚTÍNUR

WWW.DANSSKOLIBB.IS
BIRNA@DANSSKOLIBB.IS

f dansskóli Birnu Björns
ig dansskolibb



Þrír flokkar frá Gróttu á Rey Cup



Myndin er af liði 1 hjá 3. flokki kvenna Gróttu/KR og er tekin af Margréti Kristínu Jónsdóttur.

Þriðji og fjórði flokkur kvenna ásamt fjórða flokki karla fóru á Rey Cup 22. til 26. júlí. Þriðji flokkur kvenna var með tvö lið á mótinu. Þeim gekk vel alla dagana og það var frábær stemning í hópnum. Allar stelpurnar spiluðu vel þrátt fyrir marga leiki og erfiðar aðstæður. Það var ekki bara spilað fótbolta heldur skellti hópurinn sér einnig saman í Fjölskyldu og Húsdýragarðinn. Lið 1 endaði í 3. sæti á mótinu og lið 2 í 4. sæti.

Fjórði flokkur kvenna fór með 1 lið á mótinu. Stelpurnar spiluðu frábæran sóknarbolta á mótinu og sköpuðust mörg glæsileg mörk uppúr uppspili stelpnanna. Úrslitin voru aukaatriði og skemmtu allar stelpurnar sér frábæra alla dagana þar sem leikgleði og hamingja var við völdin.

Fjórði flokkur karla fór með 2 lið á Rey Cup og stóðu sig með stakri þrýði. Skemmtu drengirnir sér mjög vel og spiluðu skemmtilegan fótbolta þrátt fyrir skrautlegar vallaraðstæður inn á milli. Mörg glæsileg mörk voru skoruð og mátt sjá að drengirnir höfðu mjög gaman af mótinu.



Handbolta- og afreksskóli Gróttu

Líkt og áður hófst handboltaskóli Gróttu í ágúst, eftir verslunarmannahelgi. Handboltaskóli Gróttu er í ár fyrir börn fædd árin 2009-2014. Yfirumsjón með skólanum hafði Hákon Bridde, íþróttatræðingur og nýr yfirþjálfari handknattleiksdeildar Gróttu. Honum til aðstoðar eru metnaðarfullir leiðbeinendur líkt og meistaraflokksleikmenn og aðrir efnilegir leikmenn félagsins. Aðsókn í skólann var mikil og reyndist hann þátttakendum og starfsfólki ánægjulegur.

Samhliða handboltaskóla Gróttu fór af stað afreksskóli Gróttu. Afreksskólinn er í ár fyrir börn fædd árin 2005-2008 en skólinn leggur áherslu á tækni- og aukaæfingar. Þar fara Hákon og leikmenn meistaraflokks yfir flóknari handboltatækni og miðla af reynslu sinni til þátttakenda.

Knattspyrnuskóla Gróttu lokið



Þá er enn öðru farsælu sumri hjá knattspyrnuskóla Gróttu lokið, en hann var starfræktur frá 10. júní til 31. júlí. Góð mæting var á öll fjögur námskeiðin en tæplega 380 börn voru skráð á námskeiðin. Til viðbótar því voru um 100 börn sem sóttu sumarnámskeið fyrir 4. og 5. flokk.

Íðkendur í skólanum eru bæði krakkar sem hafa æft lengi og einnig krakkar sem eru að prófa fótbolta í fyrsta skipti, og lögð er áhersla á að kenna fótbolta í gegnum skemmtilega leiki og æfingar. Námskeiðin voru fjögur talsins, í tvær vikur í senn, og í lok hvers námskeiðs var krökkunum blandað saman og skipt í landslið og keppt í HM. Að keppni lokinni var síðan pulsupartí og allir fóru glaðir inn í helgina. Áhugasamir og fjörugir krakkar, efnilegir unglingar og gott veður var virkilega góð blanda sem varð til þess að námskeiðin gengu gríðarlega vel. Fleiri myndir og myndbönd frá námskeiðunum má sjá á [instagram.com/grottasport](https://www.instagram.com/grottasport). Starfsmenn knattspyrnuskólans þakka fyrir sumarið og hlakka til að sjá sem flesta aftur næsta sumar.

Líf og fjör í fimleikasalnum

Það er búið að vera líf og fjör í fimleikasalnum í allt sumar. Framhaldshópar í bæði áhaldafimleikum og hóp fimleikum eru búnir að æfa megnið af sumrinu.

Fimleikadeildin stóð einnig fyrir fjölbreyttum námskeiðum fyrir breiðan aldurshóp. Fimleika- og leikjaskólinn var á sínum stað og haldin voru 8 námskeið. Krakkarnir voru í fimleikum á morgnanna og svo var fjölbreytt dagskrá eftir hádegi. Öll námskeiðin enduðu með grillveislu á föstudögum.

Fimleikadeildin hélt líka hóp fimleikanámskeið fyrir 10 til 12 ára stelpur og Styrktarnámskeið fyrir 9 til 14 ára stráka. Á þessum námskeiðum var lögð áhersla á samhæfingu, snerpu, styrk og liðleika ásamt því lærðu þátttakendur á stór trampólín. Námskeiðin voru vel sótt og þátttakendur ánægðir.

Þessa dagana eru yfirþjálfarar og skrifstofa fimleikadeildarinnar að vinna í stundatöflu vetrarins og verður hún send til foreldra um leið og hún er tilbúin.



Sameiginleg sumarnámskeið



Smíðavöllurinn er alltaf vinsæll á sumarnámskeiðunum.

Á vordögum var ákveðið að samtvinna sumarnámskeið Seltjarnarnesbæjar og Gróttu í sumar og gekk samstarfið vonum framár. Þátttakendur á námskeiðunum sækja gjarnan blöndu af námskeiðum Gróttu og Seltjarnarnesbæjar, með sameiginlegri verkefnastjórn stýttust því boðleiðir og upplýsingaflæði jókst til muna. Verkefnastjórn námskeiðanna í sumar var í höndum Jónu Ránar Pétursdóttur, sem er einnig nýr forstöðumaður Selsins, og Laufeyjar Helenu Gísladóttur, sem er einnig nýr verkefnastjóri handknattleiksdeildar Gróttu.

Fjölbreytt dansár framundan

Dansskólinn Óskandi á Eiðistorgi, Seltjarnarnesi, verður með skemmtilega og fjölbreytta dagskrá í haust fyrir allan aldur; fornám í klassískum ballett frá 3 ára, grunnnám í listdansi, skapandi dans, jóga, sirkus, nútímalistdans fyrir börn og fullorðna, fullorðinsballett, dansnámskeið fyrir 55+ og dansnámskeið fyrir eldri borgara.

Óskandi er að byrja annað ár sitt en margir þekkja vel húsnæðið undir Hagkaupum á Eiðistorgi þar sem Ballettskóli Guðbjargar Björgvins var til fjölda ára. „Við erum mjög spennt fyrir komandi hausti og hlökkum mikið til að byrja aftur að dansa saman. Það er fátt sem jafnast á við það að fylgjast með nemendum sínum þroskast og vaxa, bæði þeim ungu og eldri.“ segir Guðrún skólastjóri.


Hlutverk skólans er að bjóða upp á jákvætt, faglegt og uppbyggilegt skólaumhverfi, með viðeigandi og gagnlegri námskrá miðað við aldur og þroska. Sérstaða skólans er að skólinn býður upp á fjölbreyttar námsleiðir sem höfða til breiðs aldurshóps, frá unga aldri til efri ára. Nemendur læra best þegar þeir eru í umhverfi sem þeim líður vel í, fá verkefni við hæfi og upplifa árangur.



Þú getur keypt
næstum hvað
sem er fyrir
Aukakrónur



Viðskiptavinir Landsbankans safna Aukakrónum þegar þeir versla hjá meira en 250 samstarfsaðilum um allt land og geta notað þær til að kaupa næstum hvað sem er.



MotorMax

Smurstöð

Opnunartímar

Virka daga 07:45 til 17:00

**ENGAR
TÍMAPANTANIR!**

Motormax er þjónustufyrirtæki í glæsilegu húsnæði að Vatnagörðum 12.

Við leggjum áherslu á smurþjónustu og bílaprif. Renndu við engar tímapantanir í smurþjónustu.

Tímabókanir fyrir bílaprif í síma 545 4040 og á: motormax@motormax.is



Motormax ehf.
Vatnagörðum 12
Sími: 545 4040

motormax@motormax.is